



Margrét H. Blöndal Ein af eftirminnlegustu sýningum liðins árs var Loftleikur – Aerotics Margrétar í 8 gallerí. Hún stillti þar fram vatnslitaverkum og skúlptúrum í hárfinu jafnvægi.



Gilbert & George Listamennirnir frægu eru hér á vinnustofunni í London við módelið að The Great Exhibition í Listasafni Reykjavíkur, sýningu sem þeir hafa ekki séð en stendur enn.



Sigurður Árni Sigurðsson ÓraVidd er heiti framúrskarandi yfirlitssýningar á verkum Sigurðar Árna sem enn stendur yfir á Kjarvalsstöðum, með góðu úrvali eldri verka í bland við ný.

Myndlistarmenn á sýningum

Þrátt fyrir að sýningarsalir hafi lengst af verið lokaðir á liðnu ári af völdum veirufaraldursins var myndlistarlífið samt býsna líflegt og fjölbreytilegar sýningar settar upp, í söfnum, galleríum og öðrum sýningarrýmum. Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari og umsjónarmaður menningarefnis hér í blaðinu, myndaði listamennina sem sköpuðu verkin á mörgum áhrifaríkustu sýningunum – og enn fleiri voru góðar



Daði Guðbjörnsson Daði hefur lengi verið í fremstu röð listamanna hér sem vinna með grafík. Hann gaf Listasafni Reykjanesbæjar 400 verk og var sett upp sýning með hluta þeirra.



Daniel Þ. Magnússon Transit var heiti sýningar Daníels í Hverfisgallerí, á litljósmyndum sem hann hefur tekið á undanförunum áratug, nærmyndum af manngerðum heimi.



Anna Jóa Á sýningunni Fjörufundum í Nesstofu stillti Anna fallega fram tveimur röðum verka; úr bókinni Hamir/Sheaths og verkum innblásnum af ströndinni og menningarminjum.




Ásgerður árið 1991 Í desember var öld frá fæðingu veflistakonunnar Ásgerðar Þíðadóttur. Áhrifarík yfirlitssýning á verkum hennar var á Kjarvalsstöðum og í Listasafni Íslands sýning á veflistarverkum henni til heiðurs.

Sol LeWitt, Gunnar, Kjarval, safn Skúla

Opinberun ársins í myndlistinni var sýningin *Í ljósmálinu* með verkum Gunnars Péturssonar ljósmyndara í Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin á verkum Sols LeWitt í Listasafni Reykjavíkur frábær. Hrifandi var að sjá samankomin á Kjarvalsstöðum verkin sem Jóhannes Kjarval málaði í Frakklandi árið 1928. Sýningin *Tíðarandi* á verkum úr einkasafni Skúla Gunnlaugssonar í Listasafni Árnesinga var ánægjuleg og sýning á raunsæismálverkum, *Allt sem sýnist*, á Kjarvals-

stöðum var mjög vel lúkkð. Samsýning Myndhöggvarafélagsins, *Hjólíð*, í Grafarvogi bauð upp á fjölbreytileg upplifunarávintýri. Sú eina sýningaspyrða sem ég sá í Listasafninu á Akureyri var mjög góð (Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Heimir Björgúlfsson, Brynja Baldursdóttir) sem og árleg sýning Safnasafnsins og samsýningin *Gæsaþúð* í Verksmiðjunni á Hjaltreyri. Og ónefndar eru enn margar minni en áhugaverðar sýningar sem glöddu á liðnu ári. efi@mbl.is



Hrafnhildur Arnardóttir – Shoplifter Sýning Hrafnhildar, Chromo Sapiens, vakti verðskuldaða athygli á Fenejvatnværingnum 2019. Hún var líka vinsæl í Listasafni Reykjavíkur.



Hrafnkell Sigurðsson Við gerð vídeóverkanna á sýningunni Fæðingu guðanna í Ásmundarsal fékk Hrafnkell náttúruöflin í lið með sér við sköpunina með áhrifaríkum hætti.



Unndór Egill Jónsson Verkin á sýningu Unndórs, CUL-DE-SAC, í Kling & Bang hrifa gesti; sérstök samstilling vélvæðra og haganlega smíðaðra skúlptúra sem sumir eru húsgögn.



Sirra og Selma Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Selma Hreggviðsdóttir unnu með athyglisverðum hætti með silfurberg á sýningunni Ljósavaka/Æther í BERG Contemporary.



Magnús Helgason Á sýningu Magnúsar sem er í Gerðarsafni, Shit hvað allt er gott, blómstra formfestan og leikgleðin sem einkenna verk hans, verk sem oft eru úr fundnum hlutum.



Erling Klingenberg Yfirlitssýning á verkum Erlings teygði sig yfir tvær hæðir í Marshall-húsinu; var sú fyrsta sem sett er upp bæði í Nýlistasafninu og Kling & Bang. Og stóð vel undir því.



Kristinn E. Hrafnsson Á sýningunni Dægursveifla sem stendur yfir í Hverfisgalleríu eru áhrifamiklir skúlptúrar Kristins og myndverk byggð á bókarkápum – verk um bókmenntirnar sem áttavita í lífinu.



Viviani og Giraud Listamennirnir Antoine Viviani og Pierre-Alain Giraud í sviðsmynd verksins metnaðarfulla, Solastalgia, í Listasafni Íslands. Verkið var á Listahátíð og fyrsta safnasýning hér í „gagnauknum veruleika“.